



Svar

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir

Efni:

Þann 24. júní 2020 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram í velferðarráði svohljóðandi fyrirspurn um þriggja mánaða uppgjör velferðarsviðs jan-mars 2020:

Þriggja mánaða uppgjör velferðarsviðs jan-mars 2020 vöktu upp nokkrar spurningar hjá fulltrúa Flokks fólksins. Þær eru lagðar fram hér formlega:

- 1. Þjónustumiðstöðvar voru 15 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til langtímaveikinda. Hér er óskað nánari skýringa?*
- 2. Seljahlíð fer 68% fram yfir áætlun og er skýrt með því að þetta sé óhagstæð rekstrareining. Það geta ekki verið nýjar fréttir? Af hverju hefur þá ekki verið bætt úr því með því að búa til hagstæðustu rekstrareininguna sem völ er á?*
- 3. Barnaverndarmálum hefur farið fjölgandi. Ætla má að gera megi tiltölulega nákvæmar áætlanir í þessum málaflokki. Málum hefur farið fjölgandi frá ári til árs og fer þeim klárlega ekki fækkandi. Hvernig stendur á því að áætlanir eru svo ónákvæmar sem raun ber vitni?*
- 4. Heimahljónusta er ítrekað innan fjárheimilda vegna manneklumálanna. Af hverju hafa velferðaryfirvöld ekki leyst manneklumálin eins og þau lofuðu þegar þau skrifuðum undir meirihlutasáttmálann. Hvaða aðgerðir eru í gangi sem leysa á mannekluvanda til skemmri og lengri tíma?*

Svar:

1. Þeir starfsstaðir sem fara yfir fjárheimild vegna of hás launakostnaðar sem rekja má til langtímaveikinda fá bætingu úr sérstökum veikindapotti. Í þriggja mánaða uppgjöri var ekki búið að útdeila úr veikindapottinum en það var gert við sex mánaða uppgjör.

Það verður því að taka þriggja mánaða uppgjörum með fyrirvara en í greinargerðum með uppgjörunum kemur fram hvaða verkefni eiga eftir að fá bætingu.

2. Í Seljahlíð eru í rekstri bæði þjónustuíbúðir og hjúkrunarheimili. Til þess að búa til hagstæðari rekstrareiningu yrði þörf á að fjölga hjúkrunarrýmum þar umtalsvert en í dag eru þau 20. Það myndi á sama tíma þýða fækkun þjónustuíbúða. Fjöldi hjúkrunarrýma er ákvörðun heilbrigðisráðuneytis en ekki velferðarsviðs. Í þeim úttektum sem gerðar hafa verið á rekstrargrundvelli Seljahlíðar hefur niðurstaðan verið sú sama, þ.e. að nálægð hjúkrunarrýma og þjónustuíbúða er mjög óheppileg þar sem erfitt er að takmarka hjúkrunarþjónustu eingöngu við hjúkrunarrýmin. Niðurstaðan hefur verið sú að eðlilegra sé að hjúkrunarrýmin 20 færist frá Seljahlíð og verði nýtt fyrir stækkun á starfandi hjúkrunarheimili. Málið er í vinnslu og er vel á veg komið

3. Frávik í barnavernd skýrist m.a af vistgjöldum vegna barna sem eiga nú við fjölbættari vanda en áður og úrræðin dýrari af þeim sökum. Að auki hefur orðið mikil fjölgun tilkynninga eða rúmlega 12% fyrstu sex mánuði ársins miðað við sama tímabil í fyrra.

4. Heimaþjónusta er ekki innan fjárheimilda vegna manneklu. Ástæða fyrir því að heimaþjónusta er nú innan fjárheimilda er að mestu vegna verkfalla í byrjun árs og vegna þess að ekki var hægt að ráða í þær stöður sem fjármagn var ætlað í vegna Covid. meðal annars var einhver hópur fólks sem afþakkaði þjónustu vegna hræðslu við smit.